



BRÚIN

Félag Íslendinga í
Luxembourg

3. tbl. 2004, - 14. árg.

Máí 2004

Messa

Messa verður haldin þann 30. maí kl. 14.00. Séra Sigurður Arnarson messar í kirkju hinnar heilögu þrenningar eða Mótmælendakirkjunnar, eins og hún er kölluð. Upplýsingar um fermingarfæðslu og ef einhverna vantar prestsverk fást hjá Eyjólfí Haukssyni og Sólveigu Stefánsdóttur, sjá símanúmer á baksíðu.

Dreifaltigkeitskirche, 5 rue du la Congrégation, L1351 Luxembourg

Kirkjunefnd vonast til að sjá sem flesta í messunni.



Í þessu blaði:

Messa	1
Þjóðhátíð	1
Molar	2
FÍL dagar í Top Squash	2
Skýrsla formanns	3
Skýrsla Spuna	4
101 Skuggahverfi	4
Euro-Ice 2004	5
Nýjungar í safnaðarstarfi	5
Grænn Kostur	5
Litlu dálkarnir	6

Þjóðhátíðarskemmtun félagsins Laugardaginn 19. júní

Dagskrá:

Kvennahlaup

9:30 Upphitun fyrir kvennahlaupið.

10:00 Kvennahlaup í Trim parcour í Walferdange. Brautin er 2,4 km og svo til á jafnsléttu svo nú er bara að fara í hlaupaskóna og koma og vera með. Sjá nánari upplýsingar í auglýsingu neðst á síðunni.

17. júní hátíðin haldin á tjaldsvæðinu (Camping) í Godbrange

14:00 Svæðið opnar, pylsu- og sælgætissala.

15:30 Barnadagskrá.

17:00 Lambakjöt grillað og tilbúið, - að sjálfsgöðu verður íslenskt lambalæri með kartöflusalati og hrásalati.

18:00 Gítarspil og fjöldasöngur, söngbækur verða á staðnum.

Næg bílastæði á tjaldstæðinu. Hægt að tjalda á svæðinu og/eða koma með útilegubúnað. Drykkir verða seldir frá Camping-barnum og stjórn FÍL vill vinsamlegast benda fólki á að versla við barinn.

Þeir sem geta hjálpað til á skemmtuninni hafi samband við stjórnarmeðlimi, sjá lista á baksíðu. Vantar alltaf fólk.

Stjórnin vonast til að sjá ykkur öll í sólskinsskapi.



Á döfinni:

- Messa 30. maí
- Kvennahlaup 19. júní
- Þjóðhátíðarskemmtun 19. júní.
- FÍL dagar í Top Squash alla fimmtudagsmorgna



KAUPTHING BANK
Luxembourg

19. júní verður kvennahlaup í Lúxembúrg í Trim parcour, Walferdange. Þetta er í annað skipti sem þetta hlaup fer fram í Luxembourg.

Upphitun hefst kl. 9:30 og hlaupið kl. 10:00. Þáttökugjald eru € 10,- á mann. Frítt er fyrir börn upp að 12 ára. Allir fá bol og medalíu.

Kaupthing Luxembourg er styrktaraðili kvennahlaupsins. Allir geta verið með, ekki bara þeir sem eru í formi.

Vinsamlegast skráið ykkur fyrir 15. júní á bruin@islandus.net eða hringið í Bryndísi í síma 341 882.



Blóm og plöntur á hagstæðu verði.
Verið velkomin í

Pottablóm

Karl-Marx-Straße 30
TRIER

(Gatan heitir í byrjun Bruggenstraße
og liggur í beinu framhaldi af Fleischstraße
sem Galleria Kaufhof stendur við (var áður Horten)
5 mínútna gangur frá Hauptmarkt).

Heba Cosmetics Lounge

Kæru landar

Hef nú loksins opnað snyrtistofuna í Hesperange.

Tímamantanir og upplýsingar í
2636-1384 og 021 162188

Verið Velkomin

Heba
97, Centure Um Schloss
L-5880, Hesperange

Molar

Þann 5. júní n.k. verður sýnt í sjónvarpinu, beint frá vináttuleik Íslands og Englands í fótbolta, á þýsku stöðinni DSF og hefst útsending kl. 22.30.

Bandaríska ferðatímaritið Conde Nast Traveler birtir árlega svonefndan "hot" lista yfir 100 bestu hótél í heimi, 60 bestu nýju veitingastaði heims, og 30 bestu barina, að mati blaðsins. Í ár á Ísland nokkur nöfn á listanum. 101 Hótel Reykjavík og Hótel Búðir á Snæfellsnesi eru meðal bestu hótela í heimi. Sjávarkjallarinn í Reykjavík er meðal bestu nýju veitingahúsanna í heimi og barinn á 101 Reykjavík skráðir listann yfir bestu barina.

Davíð Þór Björgvinsson, prófessor, sem áður starfaði við EFTA dómstólinn hér í Luxembourg, hefur verið kjörinn dómari við Mannréttindadómstól Evrópu frá og með 25. september n.k..

Luxembourgarar eru nú um 451.600 talsins skv. STATEC. Þetta er um 11% aukning á síðustu 10 árum.

Stuðmenn munu leika á útihátíð í Wurzburg þann 19. júní n.k.. Kíkið á síðuna www.umsonst-und-draussen.de/programm

Samkvæmt Hagstofu Íslands hafa lífslíkur íslenskra karla batnað mun meira en kvenna á síðustu áratugum og nú er svo komið að Íslendingar verða karla elstir í heiminum, 78,7 ára.

Íslenskar konur eru í sjötta sæti á veraldarlistanum og lifa að meðaltali 82,5 ár. Japanskar konur verða kerlinga elstar eða 85 ára gamlar.

Tveimur íslenskum leiksýningum hefur verið boðið á Leiklistartvíæringinn í Wiesbaden þann 17.-27. júní n.k.. Leiklistartvíæringnum er helgaður nýjum verkum evrópskra leikskálda. Leikritin eru Pabbastrákur eftir Hávar Sigurjónsson sem sýnt hefur verið í Þjóðleikhúsinu og Brim eftir Jón Atla Jónasson sem sýnt hefur verið hjá Vesturporti.

Þann 1. júní n.k. verða tekin í notkun ný "social security" kort sem eiga að auðvelda pappírsvinnuna og aðgang að hjálp á ferðalögum í Evrópu. Þar með sleppum við við að vera með sérstök eyðublöð eins og E-111, þegar við ferðumst innan Evróðu. Fyrst í stað gilda kortin í Belgíu, Frakklandi, Luxembourg, Spáni, Þýskalandi, Grikklandi, Írlandi, Svíþjóð, Danmörk, Noregi, Eistlandi og Sloveníu. Í lok 2005 munu allar Evrópubandalagsþjóðirnar eiga að vera komnar með þessi kort.

FÍL dagar í Top Squash

Top Squash ætlar að hafa FÍL morgna á fimmtudögum og býður eftirfarandi:

Spinn tími (eingöngu fyrir meðlimi FÍL) klukkan 9:15 - 10:15, 10 manns hámark.

Step tími (er opin öllum) klukkan 9:20 - 10:20, 10 manns hámark.

Tækjasalur, Squash og Sauna.

Verð: € 10, - á mann fyrir morguninn, líka hægt að kaupa kort fyrir 6 fimmtudaga á

€ 54,- sem gildir í 6 mánuði.

Hægt er að bóka sig í spinn og step tíma á miðvikudeginum fyrir. Þeir sem bóka sig eru beðnir að láta vita ef eitthvað kemur upp á og ef þeir komast ekki því takmarkað er í þessa tíma.

Nú er bara að drífa sig!

Stjórnin



Grænn kostur

Sólveig Eiríksdóttir á Grænum Kosti kom til Luxembourgar og hélt matreiðslunámskeið fyrir félagið. Hún fræddi okkur um hinar ýmsu baunir, tofu, hveiti og lífræna ræktun á grænmeti. Einnig eldaði hún hina ýmsu frábæru grænmetisrétti og bakaði brauð. Þátttakendur voru hinir ánægðustu og vildu margir fá hana aftur fljótt með framhaldsnámskeið. Stjórn FÍL vill þakka Elísabetu Önnu fyrir hjálpin.

Kærar þakkir til Söllu á Grænum Kosti.

Solla með brosið sitt bjart. Bráðsnjöll hún kenndi okkur margt. Kom hér á kostum. Kátar við brostum. Nú kunnum að elda svo "SMART"

Margrét Rósa Jóhannesdóttir
fyrir hjálpin.

Aðalfundur FÍL

Aðalfundur félagsins var haldinn á Euro Hotel í Gonderange þann 27. apríl, klukkan 20:30. Venjuleg aðalfundarstórf voru á dagskrá og ný stjórn kosin.

Jóhann Örn Arnarsson var kosinn varamaður. Einnig voru kosnir endurskoðendur, Arnar Guðmundsson og Sigurður Karlsson.

Matthildur Kristjánsdóttir, formaður. Guðbjörg Steinarrsdóttir, ritari, Diana Kristjánsdóttir, gjaldkeri, Erna Elvarsdóttir og Þóra Karlsdóttir, meðstjórnendur.

Formaður stjórnar þakkar fráfarandi stjórn og öllum þeim sem hafa rétt fram hjálparhönd á síðasta stjórnarári.

Stjórnin

EURO-ICE 2004

Við viljum vekja athygli ykkar á **EURO-ICE 2004** dagana 23. – 26. september í Brunssum, Hollandi.

Gist verður á "Golf Residentie, Brunssummerheide" sem er gott íbúðarhótel við frábæran 27 holu golfvöll sem spilað verður á.

Brunssum, sem er í Limburghéraði Hollands, er miðsvæðis fyrir þá sem búa í Evrópu og auðvitað líka fyrir þá sem koma lengra að.

Frá Amsterdam eru u.þ.b. 200 km. Rotterdam er í u.þ.b. 190 km

fjarlægð og u.þ.b. 80 km eru á Eindhoven flugvöll þar sem m.a. Ryanair flýgur til.

Frá Luxemburg eru u.þ.b. 210 km og frá Calais eru u.þ.b. 340 km. Nánari upplýsingar fylgja síðar.

Með góðum kveðjum og von um að sjá sem flesta á **EURO-ICE 2004 !!!**

EURO-ICE
c/o Þór Thorarensen
Netfang: thorsa@kabelfoon.nl
Sími: +31 (0)105010780

Nýjungar í safnaðarstarfi

Nýjungar í safnaðarstarfinu.

Fermingarnámskeið fyrirhugað á Íslandi í haust.

Mikilvægt er að foreldrar fermingarbarna fyrir árið 2005 og foreldrar fermingarbarna sem fermdust eða munu fermast á þessu ári hafi samband við séra. Sigurð Arnarson, sendiráðsprest í London (símar 00 44 207 259 3999 eða 00 44 776 602 0902) varðandi fermingarfræðsluferðalag í Skálholti á Íslandi. Sú hugmynd hefur komið upp að stefna að því að fara í fermingarferðalag frá 22. október á þessu ári til 25. október til Íslands og dvelja þá helgi með fermingarbörn frá Englandi og Luxemborg í Skálholti.

Boðið yrði upp á fermingarbúðir líkt og flest fermingarbörn á Íslandi fara í á hverju ári, þar sem blandað er saman leik og fræðslu og eru tækifærin til þessi í Skálholti mörg, til dæmis afbragðs afstaða og yndisleg náttúra. Reynt verður að stilla kostnaði í hóf og verður sótt um styrki fyrir hugmyndina í Kristnisjóð og víðar. Eins hafa Ícelandair tekið mjög vel í þessa hugmynd og er fyrirtækið tilbúið að aðstoða við flutning á hópnum, en í hópnum yrðu fermingarbörn næsta árs, fermingarbörn sem hafa fermst eða munu fermast á þessu ári og nokkrir foreldrar. Gott væri að viðkomandi hefðu samband við sr. Sigurð sem fyrst, þannig að hægt sé að áætla fjölda þátttakenda í ferðalagið.

Frá ritstýru

Kæru lesendur,
Gleðilegt sumar.

Nýr ritstjóri hefur tekið við blaðinu okkar og er það nýji ritari félagsins Guðbjörg Steinarrsdóttir. Við viljum biðja alla þá sem finnst nóg að fá fréttabréfið einungis á tölvupósti að láta okkur vita á netfangið bruin@islandus.net. Það sparar mikla vinnu að þurfa ekki að pósthleggjá bréfið til allra. Þeir sem fá ekki fréttabréfið á tölvupósti frá okkur, látið okkur vita hvert netfangið ykkar er, því við erum

ekki með það á skrá hjá okkur. Þeir sem vilja auglýsa í bréfinu geta sent auglýsinatexta á netfangið okkar. Enn og aftur viljum við þakka öllum þeim sem sent hafa efni í bréfið, það er mjög vel þegið og haldið því endilega áfram á netfangið okkar bruin@islandus.net.

Með kærri kveðju


Ritstjórnin

Spuna - Kaffi

Spunaáhangendur, gamlir og nýjir, eru velkomnir í kaffi í Scanshop miðvikudaginn 9. júní n.k., kl. 10.00
Ýmis umræðuefni.
Sjáumst

Stjórn Spuna

Scanhop
615 rue de Neudorf
L-2220 Luxembourg





Félag Íslendinga í Luxembourg

Association des Islandais à Luxembourg
179 rue Cents
L-1319 LUXEMBOURG

Umsjón fréttablaðs:
Matthildur Kristjánsdóttir
Guðbjörg Steinarrsdóttir
bruin @islandus.net

BGL: LU62 0030 0379 1724 0000
Gjalddagi félagsgjalda er 1. apríl

BRÚIN

www.islandus.net

Stjórn Félags Íslendinga í Luxembourg 2004-2005

Matthildur Kristjánsdóttir, formaður, 787 0771, 021 142 060, fil@islandus.net
Guðbjörg Steinarrsdóttir, ritari, 365 163, 021 637 888, fil.ritari@islandus.net
Díana Kristjánsdóttir, gjaldkeri, 2636 2419, 091 552 137 fil.gjaldkeri@islandus.net
Erna Elvarsdóttir, meðstjórnandi, 2674 5578, 021 306 871
Þóra Karlsdóttir, meðstjórnandi, 2694 5105, 021 501 117
Jóhann Örn Arnarson, varamaður, 341 882, 021 266 747

Stjórn Kirkjunefndar 2004-2005

Eyjólfur Hauksson, formaður, 768 545
María Huesmann, 358 556
Sólveig Loftsson, 789 341
Agnar Sigurvinnsson, 435 183
Sigurður Kristinsson, 787 710

Stjórn leikklúbbsins Spuna

Bryndís Kristjánsdóttir, formaður, 341 882, spuni@islandus.net
Stella Jóhannesdóttir, ritari, 357 064, stella26@pt.lu
Katrín Ásgrímsdóttir, gjaldkeri, 2678 0257, spuni.gjaldkeri@islandus.net

Stjórn Íslandsdeildar Bazaar International í Luxembourg

Hrefna Einarsdóttir, formaður, 355 443
Bergdís Kristinsdóttir, gjaldkeri

Íslenskuskóli Félags Íslendinga í Luxembourg

Rakel Steinvör Hallgrímsdóttir, kennari, 2674 7298, rakelh@hvippinn.is

Félagsgjöld Félags Íslendinga í Luxembourg

Gjalddagi félagsgjalda var 1. apríl 2004.

Vinsamlegast greiðið sem allra fyrst.

BGL: LU62 0030 0379 1724 0000 muna að setja nafn greiðanda í "Ref."

Stjórnin

Litlu dálkarnir

Fæðingar

Dögg Pétursdóttir og Shane Bennett eignuðust soninn Óskar Viktor þann 24. mars. Hann var 3500 gr og 51,5 cm. Við óskum þeim til hamingju.

Rakel Steinvör Hallgrímsdóttir og Þorsteinn Þorbergsson eignuðust dótturina Bergdís Lilju þann 9. apríl. Hún var 4220 gr. og 54 cm. Við óskum þeim til hamingju.

Ragna Árný Lárusdóttir eignaðist soninn Hörð Atóm þann 22. apríl. Hann var 2760 gr. og 51 cm. Við óskum henni til hamingju.

Ólóf Dís Þórðardóttir og Birgir Örn Björnsson eignuðust soninn Ara þann 30. apríl. Hann var 2850 gr. og 49 cm. Við óskum þeim til hamingju.

Elín Valsdóttir og Þórður Emil Ólafsson, eignuðust drenginn Gabriel Þór þann 4. maí. Hann var 3990 gr. og 50 cm.

Kári Guðbjörnsson og Anna María Langer eignuðust dótturina Söru Helenu þann 18. maí. Hún var 3250 gr. og 51 cm.

Smáauglýsingar

Heilsulína

Fjárfestið í betri heilsu, meiri orku og betra lífi. Sel Fit Line vítamín og Laurent Cristanel snyrtivörur og ilmvötn.

Hafið samband við Sigrúnu Höskuldsdóttir í síma 758 472 eða 021 169 916.

Tímaritið Flugíð

Tímaritið Flugíð, blað nr 3, er komið út. Fyrri blöðum var dreift frítt og meðal annars til íslenskra flugmanna hjá Cargolux en nú er blaðið selt í áskrift á vægu verði og sent hvert sem er í heiminum án auka kostnaðar. Sækið um áskrift á www.flugid.is eða sendið línu á flugid@flugid.is

Til sölu

Nánast ónotað barnarúm til sölu € 40,- upplýsingar hjá Guðbjörgu í síma 365 163.

Símaskrá

Breytingar

Edda Hjálmarisdóttir eddaelin@mac.com

Ingigerður Guðmundsdóttir
95 rue de Clausen
L-1342 LUXEMBOURG

Arnar Guðmundsson
Kolbrún Eir Óskarsdóttir
16 Rue de l'Horizon
L-5960 ITZIG

Nýjir meðlimir

Björn Hólmþórsson
Díana Kristjánsdóttir
8 rue Hondsbreck
L-5835 ALZINGEN
Sími: 26 362 419
Gsm B: 091

Gsm D 091 552 137
N e t f a n g :
diana_arnfjord@hotmail.com

Björn Knúttsson
Sigrún Þorgilsdóttir
14b Um Railand
L-6114 JUNGLINSTER
Sími: 26 782 229
Gsm B: 021 505 584
Gsm S: 091 552 040
Netfang: bjornk@pt.lu

Sindri Sigurjónsson
Erna Rut Elvarsdóttir
11 rue des Jardins
L-6738 GREVENMACHER
Sími: 26 745 578
Gsm S: 021 306 847
Gsm E: 021 306 871